

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 338

júní 2023



We Serve



Júní 2023. Blað nr. 338
THE LION IN ICELANDIC

Fjöllumdæmi 109, Multiple District 109 Iceland
Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku,
ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku,
hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku,
kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku,
talesku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru
gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur
í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla
virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjöllumdæmisstjórn:



Kristófer Tómasson,
fjöllumdæmisstjóri. Kristófer er
félagi í Lionsklúbbum Geysi.
Ef þú þarft að hafa samband
við hann þá er netfang hans:
kristofer.tomasson@gmail.com



Viðir Guðmundsson,
umdæmisstjóri í 109 A. Viðir
er félagi í Lionsklúbbum
Garði og er með tölvupóst-
fangið viðir27@gmail.com



Sigurður Steingrímsson,
umdæmisstjóri 109B. Sigurður
er félagi í Lionsklúbbum
Vitaðsgjafa í Eyjafjaráðsveit.
Netfang Sigurðar er sigurður.
steingrims@simnet.is

FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2022 – 2023

Fjöllumdæmisstjóri: Kristófer Tómasson,
Lkl. Geysir

Umdæmisstjóri 109A: Viðir

Guðmundsson, Lkl. Garður

Umdæmisstjóri 109B: Sigurður

Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason,

Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri:

Þorkell Cýrusson, Lkl. Viðarr

Vara fjöllumdæmisstjóri: Sigfríð

Andradóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Viðarr

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen,

Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Viðarr

Netstjóri: Sigríður Guðmundsdóttir,

Lkl. Úa

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

GMT/konur í Lions: Thelma

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson,
Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Jón Pálmason,

Lkl. Viðarr

NSR Coordinator: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njórdur

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi

Hannesson, Lkl. Garður

Laganeftnd (form.): Björgúlfur

Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

LCIF, IPIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Laufey

Jóhannsdóttir, Lkl. Eik

Meningarstjóri: Sigfríð Andradóttir,

Lkl. Æsa

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Anna Blöndal

Lkl. Ylfa

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Laust

Varaumdæmisstjóri 109A: Friðrik A.

Hansen, Lkl. Fjörgyn

Varaumdæmisstjóri 109B: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A: Inga

Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Sumarliði Ásgeirsson,

Lkl. Stykkishólms

Frankvæmdastjórn

Lionsshreyfingarinnar 2022 – 2023:

Alþjóðaforseti Brian E. Sheehan,

United States;

Fyrverandi alþjóðaforseti Douglas X.

Alexander, United States; Vara

alþjóðaforseti, Dr. Patti Hill, Canada;

Annar vara alþjóðaforseti Fabricio

Oliveira, Brazil;

Þriðji vara alþjóðaforseti A.P. Singh,

India.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Elena Appiani, Italy;

K. Vamsidhar Babu, India;

Teresa Dineen, Ireland;

Pai-Hsiang Fang, China Taiwan;

Jeffrey R. Gans, United States;

Efren Ginard, Paraguay;

Je-Gil Goo, Korea;

Mats Granath, Sweden;

Ken Ibarra, United States;

Daisuke Kura, Japan;

Dr. Vinod Kumar Ladia, India;

Kenji Nagata, Japan;

Dr. Dianne J. Pitts, United States;

Allen Snider, Canada;

Ernesto Tijerina; deb Weaverling,
United States;

John W. Youney, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og

dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Stíllt upp fyrir

skrudgöngu á Lionsþingi 2023



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er sjötta og síðasta tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er prentað blað og þéttskipað greinum og myndum frá lionsfélögum. Það er ánægjulegt að margar greinar frá lionsfélögum eru í þessu blaði og vonandi verður framhald á því næsta starfsár.

Ég bendi ykkur ágætu félagar að lesa vel yfir þetta blað þar kennir margra grasa og væri of langt mál að fara taka út einstaka greinar en ég bendi ykkur þó á að lesa grein um Lionsklúbb Mosfellsbæjar sem gerður var að 100% Melvin Jones klúbbi af einum félagi í klúbbum, Kristinni Hannessyni. Það verður að teljast frábært framtak hjá honum.

Eins er grein og myndasýning frá þinginu okkar sem haldið var á Akureyri 19. og 20. maí síðastliðinn.

Að öðru leiti er efni þessa blads hefðbundið, greinar frá klúbbum, minningar um látna félaga, greinar frá embættismönnum,

svokallaðar skyldugreinar frá alþjóðastjórn ofl.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blads og óska öllum lionsfélögum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars.

Netfang Lionsbladsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Leiðtogarnir vísa veginn

Pistill Alþjóðaforseta



Halló lionsfélagar
Að læra hvernig á að leiða er eitt af því sem lífgar uppá að vera lionsfélagi. Við tryggjum að lionsfélagar okkar sjái til þess, að þið fáið þá möguleika sem þið þurfið, til að verða góðir leiðtogar í þjónustu, bæði í samfélagi ykkar og í lífinu.

En ekki misskilja titilinn að vera leiðtogi. Þú gætir verið forseti heimsins, en samt ekki verið árangursríkur leiðtogi. Leiðtogar vísa veginn gegnum verk sín. Þeir hvetja aðra til dáða með því að vera sú persóna sem aðrir get litið upp til. Raunverulegir leiðtogar rísa, þeir vita hvað þarf að gera, og þeir framkvæma það.

Lions eru leiðtogar í samfélagi sínu á hverjum degi. Í Tyrklandi, í Úkraínu og í samfélögum um heim allan. Lionsfélagar eru sýnilegir.

Að lokum. Á meðan verið er að því að afla

sér kunnáttu til forystu, þá skaltu ekki gleyma því að raunveruleg leiðtogastjórn er í að framkvæma. Það er í að leggja lið, og það er það sem Lions er að gera á hverjum degi.

Eigið öll góðan dag.

Brian Sheehan

Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar

Ungmennaskipti, heimagisting

Pálmi Hannesson

Ungmennaskiptastjóri
fjölumdæmis 109



Eitt af mikilvægustu verkefnum Lions eru ungmennaskiptin þar sem ungmenni víðsvegar úr heiminum koma saman, kynnast og mynda ævilöng tengsl. Hjá okkur hefur það verið þannig að við fáum ungmenni á aldrinum 18 – 20 ára til okkar í þrjár vikur í júlí og eru fyrstu vikuna í heimagistingu og síðan tvær vikur í svokölluðum ungmennabúðum sem að þessu sinni eru í umsjá klúbbanna á svæði 4 í A umdæminu, allur undirbúningur hjá þeim er klár og verður aðsetur búðanna á Laugarvatni í Bláskógarbyggð.

Mig langar að leita til ykkar kæru lionsfélagar með heimagistinguna, en eins og staðan er núna þá vantar okkur gistingu fyrir 5 frábær ungmenni í eina viku! Þetta er virkilega gaman og gefandi að vera með þeim og skapar oftast en ekki ævilöng tengsl. Það sem þarf að gera er að taka á móti viðkomandi

upp í flugstöð í Keflavík og síðan að lok heimagistingar að fara með þau upp á Laugarvatn. Ungmennin sem koma til okkar í sumar koma frá eftirtöldum löndum: Austurríki, Hollandi, Danmörk, Ítalíu og Þýskalandi.

Með lionskveðju

Pálmi Hannesson

Ungmennaskiptastjóri fjölumdæmis 109

GSM: 897 7820

palmiha@simnet.is



Skilafrestur á efni í næsta blað er 31. ágúst

Umdæmisstjóri 109 A

„Nú árið er liðið í aldanna skaut“

Víðir Guðmundsson

Fráfarandi Umdæmisstj. 109-A



Kæru félagar þegar ég settist niður til þess að skrifa mína síðustu grein í Lionsblaðið sem Umdæmisstjóri 109-A þá kom þetta upphaf á sálmi séra Valdimars Briem sterkt upp í huga mér.

Það starfsár sem nú er að taka enda hefur verið mér einstaklega lærdómsríkt og gefandi, ég hef öðlast betri þekkingu á klúbbum, félögum og hreyfingunni og ég hefði alls ekki viljað missa af því að hitta allt það góða fólk sem ég hitti í heimsóknnum mínum á árinu.

Við höfum verið svo lánsöm að fá að starfa nú í ár án nokkurra takmarkana á okkar starfi og ég hef fundið það að klúbbarnir flestir eru að koma sér í sinn venjulega takt aftur sem og hreyfingin og er það skiljanlegt eftir þau Covid ár sem á undan komu.

Það var einstaklega gott að hitta félagana á þinginu á Akureyri og efla enn betur þau vinabönd sem orðið hafa til og mynda líka ný. Þegar maður fer á þing og hittir alla félagana fyllir það mann eldmóði og það er eitthvað það al besta veganesti sem við fáum inn í sumarfríð og gefur okkur tilefni til þess að hlakka til þegar starfið byrjar aftur að hausti.

Lions er hópur allskonar fólks sem sam-einast í því að láta gott af sér leiða og hvort sem ég hef farið á viðburði og þing hérlendis sem og erlendis kem ég alltaf ríkari til baka í formi reynslu og góðra vina því að öll erum við Lions fólk og það er engin meiri félagi en annar heldur höfum við bara tekið að okkur mismunandi verkefni.

Við erum þeirrar gæfu aðnjótandi að eignast nú mann í Alþjóðastjórn og þar án efa mun Halldór Kristjánsson verða fremstur meðal jafningja og halda á lofti merki og hugsjón okkar Íslendinga sem og allra ljóna heims. Þau hjónin Halldór og Jenný eru glæsilegir fulltrúar okkar og munu leysa þetta

af hendi með sóma eins og þeirra fyrri verk hafa verið fyrir Lions.

Máltæki eitt segir að stundum séu ljón í vegi og er þá vísað til erfiðleika fram undan í vegferð en í okkar tilfelli erum við öll leiðandi ljón sem viljum láta gott af okkur leiða og varða og vísa veginn samborgurum okkar og okkur sjálfum til góðs og gleymum því ekki að 1 Júní ár hvert síðan 1971 er Helen Keller dagurinn. Helen Keller bað okkur á alþjóða þingi árið 1925 um að verða (Riddarar hina blindu í krossferð gegn myrkri)

Ég vil að lokum óska ný kjörnum embættismönnum til hamingju og óska þeim heilla hvort sem um ræðir í klúbbum, umdæmum eða fjölumæmi. Ykkar er framtíðin og við fráfarandi embættismenn verðum ykkur til stuðnings á allan þann hátt sem þið viljið nýta ykkur.

Mínar bestu óskir til ykkar allra og fjölskyldna ykkar og ég hlakka til þess að hitta ykkur öll aftur.

Lionskvæðja,

Víðir Guðmundsson

Fráfarandi Umdæmisstjóri 109-A

Lionsklúbbur Dalvíkur



Starfið hjá Lionsklúbbi Dalvíkur hefur gengið vel á þessu starfsári, höfum við fundað reglulega og verið bara ágætis fundir hjá okkur. Fengum góða gesti og nutum góðra veitinga. Á einn fundinn kom Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar til okkar. Hún fór yfir hvað hún hefur gert á sinni ævi. En hún er að koma sér fyrir á nýjum stað, en hún var ráðinn sveitarstjóri eftir síðustu kosningar. Mjög skemmtilegt erindi.

Svo á jólafundinum fékk Þorsteinn Benediktsson Melvin Jones



viðurkenningu, en hann er vel að henni komin. Hann hefur gengt mörgum embættum í klúbbnum og leist þau vel af hendi.

Fjáraflanir hafa gengið vel og hefur klúbburinn verið ötull við að leggja öðrum lið.

Lionsklúbbur Dalvíkur óskar öllum félögum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars.

Tryggvi Kristjánsson

LCIF teymið á Íslandi

Á gætu lionsfélagar, Þetta starfsár 2022 – 2023 er nánast á enda runnið og því gott að líta til baka sjá hvernig hefur gengið. Við sem skipum LCIF teymið erum ennþá að læra á sjóðinn og þá möguleika sem að hann gefur okkur sem lionsfélögum til að leggja lið á þeim sviðum sem að tengjast kjarnaverkefnum hreyfingarinnar. Í markmiðasetningu var áhersla lögð á framlög og verkefni tengd neyðaraðstoð og þá að horfa sérstaklega til Úkraínustríðsins. LCIF hefur veitt undanfarinn 5 ár 40 milljónir dollara á ári í styrki. Því var ákveðið að setja markið á 50 milljón dollara á þessu ári. Við settum okkur það markið að safna sem næmi \$50 á hvern féлага eða um kr. 7.500. Okkar metnaður nær einnig til þess að allir klúbbar taki þátt í framlögum til sjóðsins því allt telur.

Styrkurinn okkar liggur í fjöldanum. Í umdæmisstjórnnum og fjölum-dæmisstjórnnum eru helstu foringjar hreyfingarinnar, þeir eru erindrekar Lions hver á sínu svæði. Það er erfitt að tala fyrir því að aðrir láti eitthvað af hendi rakna nema við sem erum í forsvari fyrir hreyfinguna gerum það sjálf. Við skorum því á féлага sem nú koma nýir inn í umdæmis og fjölum-dæmisstjórn að gefa til sjóðsins og hvetja aðra til þess sama. Það ætti að vera metnaðarmál forystunnar að umdæmis- og fjölum-dæmisstjórnir gefi til LCIF - þið verðið að hjálpa.

LCIF mælist til að haldinn sé LCIF dagur þar sem að tengd er saman, fræðsla, verkefni og fjáröflun til LCIF. Við sáum kannski ekki flöt á því en ákváðum að vera með netviðburð á árinu. Á fundinum fengum við upplýsingar um hvað væri í pípunum alþjóðlega og síðan voru kynnt þrjú verkefni hvert öðru áhugaverðara. Við munum klárlega endurtaka leikinn á næsta starfsári og hvetjum lionsfélaga til að taka þátt í þeim fundum.

Á nýliðnu þingi vorum við með til sölu „stjörnu“ merki sjóðsins og gekk salan ágætlega eða sala uppá 8500\$. Enn eru til 14 stk. af 200\$ merkjum og 25 stk. á 50\$. Björn og Geirþrúður halda utan um birgðirnar fyrir ykkur sem hafið hug á að kaupa merkin.

Hvernig gekk svo árið fram að þessu? Hjarta okkar slær í takt með öðrum í Evrópu, klúbbar merktu framlög til neyðaraðstoðarinnar bæði



Úkraínu og einnig til Tyrklands og Sýrlands. Það sem olli okkur samt nokkrum vonbrigðum er að þátttaka klúbba er ekki nægilega góð og að félagar okkar í umdæmisstjórn tóku lítinn þátt, það voru samt nokkrir sem að gáfu til sjóðsins og starfsárið er ekki búið enn. Við höfum undanfarin ár verið með 100% þátttöku klúbba eða a.m.k. mjög nálægt því og vildum gjarnan enda árið á þeim nótum.

Við ætlum að fjölga viðburðum á netinu - takið þátt það er enginn svo tímabundinn að hann geti ekki séð af klukkutíma í léttan og skemmtilegan fund. Að auki verðum við tilbúin að mæta á fundi með efni, ráðgjöf og sögur.

Því miður er augljóst að það verður mikil þörf fyrir sjóðinn okkar á næstu árum. Við vitum að í klúbbunum er ákveðin tregða til þess að gefa fjármuni út fyrir sveitina sína, en getum við ekki verið sammála um að fólk hafi það víða mjög slæmt og kannski gætum við sagt sem svo við skulum gefa 2-3 krónur af hverjum 10 sem við öflum til þeirra sem vita ekki hvar þeir eiga að sofa í kvöld vegna þess að allt hefur verið tekið af þeim vegna náttúruhamfara eða stríðs.

Alþjóða hjálparsjóðurinn okkar er það mikilvægasta sem Lions-hreyfingin stendur fyrir – að leggja lið þar sem þörfin er mest. Góðir félagar hugleiðum þetta því að gefa af sér er um leið að fá til sín! Lionshjatað er svo stórt þegar á þarf að halda. Reynslunni ríkari höldum við ótraud áfram, á næsta ári leggjum við enn meiri áherslu á að klúbbarnir leggi sjóðnum lið. Fyrirmyndin í okkar starfi er vinur okkar og félagi Kristinn Hannesson og þar eru stór fótspor að fylla.

Bestu þakkir til ykkar sem hafið lagt ykkar að mörkum og við hvetjum þá klúbba sem ekki hafa enn tekið þátt að nota þennan síðast mánuð starfsársins til að leggja sjóðnum lið.

Óskum ykkur gleðilegs og skemmtilegs sumars með fjölskyldu og vinum.

Björn, Geirþrúður og Anna





Vorferð Lionsklúbbsins Fjölnis í Hernámssetrið og Landnámssetrið 2023 sérlega eftirminnileg



Áð ofan er Ingimar Skúli, fráfarandi formaður Lkl Fjölnis að bjóða hópinn velkominn ujm bord í rútuna.

Rétt upp úr klukkan 10, laugardaginn 13. maí, hófu Fjölismenn og makar þeirra að mæta í hús í Hlíðasmára 14, höfuðstöðvar Lionshreyfingarinnar á Íslandi. Og tilefnið var sannarlega hið skemmtilegasta; Vorferð Fjölnis var framundan. Kaffilmur tók á móti mannskapnum í Hlíðasmáranum, enda vita allir að varasamt er að leggja í langferðir án þess að byrja á kaffisopa. Sannarlega var létt yfir mannskapnum þótt himinn væri nokkuð þungbúinn og rigningarúði gerði vart við sig. Fjölismenn kunna svo sannarlega að kveðast á við veðrið með sínu góða skapi og bjartsýni.

Fyrst var hafist handa við að koma nestinu fyrir í rútunni; dýrindis snittum frá Stúdíóbrauði, ásamt og með viðeigandi drykkjaföngum. Allt fór vel fram undir dyggri leiðsögn Ingimars Skúla, fráfarandi formanns Fjölnis og nýútskrifaðs leiðsögumanns og túristatemjara, sem jós úr nýfylltum sagnabrunni sínum alla akstursleiðina um Hvalfjörð og upp í Borgarnes. Alveg frábært ferðalag. Meðfylgjandi myndir og textar segja frá broti af því sem fyrir augu bar. Njótið.



Þessi herramaður tók afskaplega vinalega á móti okkur í anddyri Hernámssetursins. Á neðri myndinni er hefðbundinn matrósi.



Á myndunum hér til vinstri og efst á síðunni eru ferðalangarnir komnir í Hernámssetrið og í óða önn að gæða sér á nestiskræsingum.



Myndir til vinstri: Þar má m.a. sjá hinn fræga ameríska herjeppa, Villys. Bíllinn er vel uppgerður og í einstaklega góðu ástandi. Hinar myndirnar sýna svo herbergi sem helguð eru t.d. Landhelgisgæslunni og dæmigerðri rakarastofu frá því um og upp úr stríði. Afskaplega glæsilegt.




Á myndinni t.h. sést uppsett afar glæsilegt alíslenskt veisluborð sem dæmigert er fyrir tímabilið um og eftir seinna stríð. Sannarlega hreint augnakonfekt fyrir nostalgíuna.



Hér er vélbyssa, mjög afkastamikið drápstæki úr seinna stríðinu.

Myndin t.h. Líkan af tundurspili og af kaþbáti til samanburðar. Á stóru myndinni er líkan af breska herskipinu Hood. Líkanið smíðaði Pétur Hallgrímsson, vélstjóri, frá Reykjavík. Einstaklega vel gert.



Tilvísanir og minni í ýmis tímabil og menn sögunnar á Hernámssetrinu eru ófá: Efst eru auðvitað Bítlarnir, þá kemur hið fræga friðarmerki og loks neðst tilvísun í Lennon, ef ritara misminnir ekki.

Frábær vorferð Lkl Fjölnis í Hernámssetrið



*Áð ofan: Kannast einhver við hann þennan..?
Áð neðan: Glæsilegir fulltrúar farsíma stríðsáranna.*



Dæmigerður rússneskur hemaður



Myndin að ofan: Lyffjakista eins og þær voru algengar á stríðsárunum.



T.h. er hjúkrunarkona þess tíma í fullum skrúða. Myndin að neðan er ekki fyrir viðkvæma; stríð er það svo sem ekki heldur.



Þessi neyðarsími er á klósetti safnsins, áamt lesefni; emeleraði koppurinn líka klár til notkunar.



Við hittum stelpurnar í Lkl Freyju í Hernámssetrinu

Svo skemmtilega hittist á að við hittum stelpurnar í Lionsklúbbnum Freyju, en þær heimsóttu Hernámssetrið á sama tíma og við í Fjölni. Allt var þó í friði og spekt. Við settumst og snæddum nestið okkar, dýrindis snuttur frá Stúdíóbrauði og skoluðum þeim niður með viðeigandi drykkjum og nutum þess að hlusta á kynningu sem Guðjón Sigmundsson safnstjóri flutti með tilþrífum.





Lagt upp frá Hernámssetrinu upp í Borgarnes

Vitanlega var stillt upp og skellt í myndatöku fyrir utan Hernámssetrið og Guðjón Sigmundsson safnstjóri, sjálfur Gaui litli, var að auðvitað með á myndinni. Hann gætti þess líka að við færum ekki með allt vit úr bænum hjá honum.



Flott grín með Gísla Einarssyni og frábær matur í lok Vorferðar

Lokahnykkurinn á dásamlegri Vorferð okkar Fjölnismanna var í Borgarnesi. Þar nutum við fyrsta flokks gríns frá hendi Gísla Einarssonar undir heitinu: Ferðabók Gísla Einarssonar en ekki Eggerts og Bjarna. Gísli skottaðist fram og aftur um landið og henti grín að mönnum og mál-efnum. Endapunkturinn var svo máltíð, íslenskt lambakjöt í karrýi og tilheyrandi og í eftirréttt rabarbaragrautur með ekta rjómalandi, allt eftir uppskrift frá Gísla Einarssyni. Góður lokapunktur.





Fulltrúar Fjöltnis sóttu Lionsþing á Akureyri

Lionsþing 2023 var haldið í Brekkuskóla á Akureyri dagana 19.- 20. maí 2023 og var þingið vel sótt. Þar voru samankomnir félagar Lionsklúbba víðsvegar að af landinu auk annarra góðra gesta frá Lionshreyfingunni á Norðurlöndunum. Þar á meðal voru leiðtogar frá Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Finnlandi og Færeyjum. Þingið var bæði fróðlegt og afar upplýsandi.

Fulltrúar Lionsklúbbsins Fjöltnis á þinginu voru þeir Ómar Scheving, viðtakandi formaður Fjöltnis og Bjarki Þór Þórisson, viðtakandi ritari Fjöltnis og er þetta þeirra fyrsta Lionsþing. Lögðu þeir félagar af stað fimmtudaginn 18. maí. Þeir félagar komu sér vel fyrir á Hótel KEA um kvöldið ásamt öðrum Lionsmönnum.

Þar sem Ómar mun taka við formennsku Fjöltnis í haust og Bjarki mun taka við ritarastarfi Fjöltnis sóttu þeir þar til sniðin námskeið sem voru haldin í tengslum við þingið og ber þeim saman um að námskeiðin hafi verið þeim mjög góður skóli þar sem hvorugur þeirra hefur áður gengt embættum sem þessum í Lionshreyfingunni.

Á þinginu var mikið rætt um starfsemi Lions. Var m.a. rætt um þátttöku Íslands í fjáröflun og var þar nefnt að framlag Íslensku Lionshreyfingarinnar til Alþjóðasjóðs Lions árið 2022 hafi verið tæpar

200 milljónir króna. Einnig var rætt um stöðu hreyfingarinnar á Íslandi og kom þar fram að eitthvað hafi Lionsfélögum farið fækkandi. Í kjölfar umræðunnar var rætt hvernig mætti efla hreyfinguna. Þá var rætt að ekki myndi skemma fyrir að fá ungt og efnilegt fólk í hreyfinguna þar sem unga fólkíð væri oft með ferskar hugmyndir í farteskinu sem gætu virkað vel í félagsstarfi Lions. Þá var haldin Lionshátíð laugardagskvöldið 20. maí í íþróttahöllinni skammt frá Brekkuskóla þar sem borinn var fram þriggja rétta málsverður.

Svo var slegið upp balli eftir borðhald þar sem Danshljómsveit Friðjóns spilaði undir og hélt uppi stuðinu fram eftir kvöldi. Ekki fór á milli mála að fólk hafi skemmti sér konunglega á hátíðinni. Veislustjórinn Ívar Helgason fór á kostum með gítar í hendi, spilaði söng nokkur lög milli þess sem hann kynnti atriði kvöldsins. Auk þess sem hann reytti af sér brandara milli atriðia; mikill humoristi hann Ívar. Meðfylgjandi eru nokkrar skemmtilegar svipmyndir frá velheppnuðu Lionsþingi 2023.

Með Lionskveðju:

Bjarki Þór og Ómar Scheving, Lkl.
Fjöltni.



Inga Lóa gestur Fjölnismanna 23. maí 2023

Þriðjudaginn 23. maí var haldinn fundur í Lkl Fjölni í höfuðstöðvunum í Hlíðasmára 14. Í forförlum formanns setti Þórir Jensen fundinn stundvíslega kl. 19:00. Að venju var viðhaft nafnakall, Ellefu félagar voru mættir, auk gesta, alls 16 manns. Gestir fundarins voru væntanlegir Fjölnisfélagar þeir Benedikt Rúnar og Herbert Guðmundsson. Sérstakur gestur þessa fundar var svo Inga Lóa Steinarsdóttir, viðtakandi umdæmisstjóri Lions í umdæmi 109A.

Dagskrá fundarins hófst síðan með því að gengið var að matar; snitsel með öllu tilheyrandi og vel brugguðu kaffi á eftir. Fundargestir gerðu matnum sérlega góð skil. Þórir Jensen kynnti Ingu Lóu til leiks og sagði í léttu máli frá samskiptum þeirra í svæðisstjórn Lions á liðnum vetri.

Þessu næst tók Inga Lóa til máls og ræddi um stöðu Lionshreyfingarinnar á Íslandi og hvernig mætti efla hana með ýmsum hætti. Það vakti athygli fundargesta að Inga Lóa talaði blaðlaust og því greinilegt að hún er vel heima í því sem hún fjallaði um.

Inga Lóa veitti Jóni H. Magnússyni viðurkenningu fyrir 50 ára starf innan Lionshreyfingarinnar og fékk hann skjal og barmmerki því til staðfestingar. Guðjón Smári Lionsfélagi bar upp tillögu þess efnis að keyptar yrðu dýnuhlífar fyrir Krýsuvíkurheimilið til þess að hlífa nýju dýnunum sem Fjölnir keypti fyrir starfsemina. Var það samþykkt einróma. Keyptar verða 24 dýnuhlífar að verðmæti ríflega kr. 206.000.- Kl. 20:38 var fundi slitið.



Fundarmenn veittu því sérstaka athygli að Inga Lóa flutti mál sitt blaðlaust. Þórir Jensen stjórnaði fundinum af sinni þekktu röggsemi.



Þórhallur fylgdist vel með og Heimir Br. tók til máls og sagði sögur.



Heimir Br., Ómar, Grétar á næsta borði og Benedikt.



Herbert og Pétur.



Halldór Sævar.



Hjörtur.

Á myndinni til vinstri eru Inga Lóa, viðtakandi umdæmisstjóri Lions og Jón H. Magnússon, eftir að Jón hefur hlotið viðurkenningu fyrir 50 ára starf sitt innan Lionshreyfingarinnar. Glæsilegt!



Annar varaumdæmisstjóri 10

Inga Lóa Steinarsdóttir

2. varaumdæmisstjóri 109



Kæru Lionsfélagar.

Þetta starfsár hefur flogið áfram enda fyrsta árið okkar eftir Covid sem við höfum geta fundað samfellt í raunheimum. Ég hef fundið og heyrt í heimsóknum mínum gleðina hjá öllum að geta hist á ný, knússast og endurnýjað gömul kynni.

Ég vil þakka öllum klúbbum sem buðu mér í heimsókn til sín. Það er ómetanlegt fyrir mig sem annan varaumdæmisstjóra að fá að kynnast starfi klúbba og læra af ykkur því mannauður Lions er ómetanlegur. Margar nýjar hugmyndir hafa vaknað og fer ég full af eldmóði inn í nýtt starfsár og vonast ég til að heimsækja sem flesta klúbba á komandi starfsári, kynnast enn fleirum félögum og öðlast dýpri og betri skilning á hreyfingunni.

Einnig vil ég þakka báðum umdæmisstjórum

okkar þeim Víði og Sigurði sem og fjölum-dæmisstjóranum okkar honum Kristófer fyrir frábært samstarf. Það hefur verið einstaklega ljúft að fá að vinna með þessum heiðursmönnum og hef ég lært mikið af þeim.

Pó svo síðustu dagar minni lítið á vorið og sumarið þá er það vonandi hinum megin við hornið. Munið að lykta af blómunum, trjánum og grasinu, njóta að eyða tíma með fjölskyldu og vinum, slaka á og endurnærast fyrir komandi starfsár.

Kæru félagar og vinir, takk fyrir samstarfið og vinskapið á starfsárinu og óska ég ykkur alls hins besta í framtíðinni og hlakka til að starfa með ykkur á nýju starfsári.

Gleðilegt sumar og sjáumst hress í haust.

Áfram Lions!

Lionsklúbburinn Sunna







Óvissuferð Lionsklúbbs Sunnu var farin 9. maí síðastliðinn. Lagt var af stað klukkan 16:00 frá safnaðarheimili Dalvíkur. 14 konur af 20 náðu að fara í ferðina. Farið var inn á Akureyri og skelltum við okkur í skógarböðin. Magnað að koma þangað.

Eftir það var farið í Sykurverk og þar borðuðum við kvöldmat og mælum við með að lionsfélagar prófi að borða þar í sumar þar var stjórnin með happdrættismiða og endaði það svoliðis að allar konur fengu vinning.

Með fullan maga var farið til Hrafnhildar Reykjalín sem rekur sjálfrækt og þar var farið í hugleiðslu og slökun. Undirrituð hefði gjarnan viljað fá að liggja til morguns.

Heim var komið klukkan 22:00 og erum við allar alveg sultuslakar en í dag eftir þessa ferð.

Hólmfríður Guðrún Skúladóttir
Fregnaritari Lionsklúbbs Sunnu



Lionsklúbburinn Kaldá



Umdæmisstjóri Friðrik A Hansen, Halldór Kristjánsson, sem var með mjög fróðlegt og skemmtilegt erindi og formaður Mæðrastyrksnefndar í Hafnarfirði. Við fórum í matarboð á Hrafnistu, Pálinuð, Kringlukrána og bíóferð.

Síðasti fundur starfsársins og stjórnarskipti voru í Vestmannaeyjum. Glæsileg ferð í frábæru veðri og við fengum fróðlega leiðsögn um söguslóðir. Logn á Stórhöfða.

Góður vetur að baki og við hlökkum til næsta starfsárs.

Jórunn Jörundsóttir





Lionsklúbburinn Suðri



Starf klúbbsins hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár Reyndar setti veiru faraldurinn allt úr skorðum í 2 ár, en við erum að komast upp úr þeirri lægð núna.

Við erum 14 klúbbfélagar og hefur sá félagafjöldi haldist nokkuð stöðugur með smá hreyfingum upp fyrir. Þetta má teljast lágmarks félagafjöldi ef halda á uppi eðlilegri starfskiptingu og embætta hreyfingu innan klúbbsins. Þá má geta þess að á síðustu þrem árum féllu frá fjórir stofnfélagar klúbbsins sem störfuðu óslitið með klúbbum í yfir 50 ár

Við höldum fundi tvisvar í mánuði á starfsárinu. Aðal fjáröflun okkar er útgáfa almanaks með fyrirtækja auglýsingum svo og sælgætis pökkun og sala fyrir hver jól.

Helstu verkefni okkar eru og hafa verið

stuðningur við heilsugæslu og öldrunarþjónustu á svæðinu. Á þessu ári gáfum við Dvalarheimilinu að Hjallatúni hárgreiðslu og hárvottastól að upphæð 200.000 krónur. Einnig gjöf til Krabbameinsfélags V-Skafta-fellssýslu 100.000. Undanfarin ár höfum við sáð og borið á tilbúinn áburð á gróðurlausabletti, en í vor munum við gróðursetja um 400 trjáplöntur.

Stærsta verkefnið þetta árið var gjöf til heilsugæslunnar í Vík, „Lífsmarka greiningartæki“ að verðmæti um 1,4 milljónir. Við erum svo heppin að hér hafa starfað hjón sem lækni og hjúkrunarkona nær allan sinn starfsaldur og fylgst með heilsufari margra okkar frá fæðingu til fullorðins ára. Það hittist svo vel á að forsetahjónin okkar voru í opinberri

heimsókn í héraðið og voru viðstödd þegar við afhentum tækið. Með þessu fylgdu tvær vísur svohljóðandi sem munu fylgja á viðeigandi gjafaplötu.

Höfum haft því láni að fagna í heilsugæslu úrvals lið. Af hug og hjarta séð oss dafna og haldið okkar heilsu við.

Heilsugæslu þarf að þakka, það skal gert að Lionsið. Gauka að henni þakka og þakka sem gagnast getur við og við.

Reynir Ragnarsson
Ritari Lkl. Suðra Vík.

Minning + Sævar Friðþjófsson



Sævar var fæddur 30. október 1936. 25. desember árið 1959 kvæntist Sævar Helgu Hermannsdóttur og hófu þau búskap í Rífi þar sem Sævar ólst upp. Þar bjuggu þau alla sína búskapstíð þar til Sævar lést 15. desember 2022 og lifir Helga eiginnmann sinn. Sævar var stofnfélagi í Lionsklúbbi Nesþinga sem var stofnaður 29. nóvember 1970. Svæði klúbbsins nær yfir Hellissand, Rif og Gufuskála. Á þessum langa starfsferli

eða í 52 ár starfaði Sævar í mörgum nefndum og gegndi mörgum trúnaðarstörfum. Hann gegndi formennsku 1982-83 og 2006-2007 ásamt því að sinna starfi gjaldkera 1977-78. Einnig gegndi hann embætti svæðisstjóra 1993-94. Að auki var hann í tónlistarnefnd klúbbsins sem vann að stofnun tónlistarfélags í sveitarfélaginu ásamt tónlistarskóla. Öllum störfum gegndi Sævar af dugnaði og trúmennsku. Á þessum

langa starfsferli mátti heita að hann væri með 100% mætingu. Árið 2008 var Sævar gerður að Melvín Jones félagi sem er ein æðsta viðurkenning Lions hreyfingarinnar.

Ungur fór Sævar í Stýrimannaskólann og lauk þaðan skipsstjórnprófi. Hann stofnaði útgerðarfélagið Útnes og var skipstjóri á bátum þess í áratugi. Sævar var sannkallaður útvegsbóndi því ásamt sjómenskunninni var hann með fjárbúskap sem var hans líf og yndi. Sævar var tónlistarunnandi og spilaði bæði á harmoniku og píanó. Hann var félagslyndur og gegndi mörgum störfum fyrir sveitina sína og sat m.a. í hreppsnefnd um árabil, var í Rifshafnarnefnd frá fyrstu dögum framkvæmda við Rifshöfn og sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju.

Fallinn er frá góður félagi sem við Lionsfélagar kveðjum með hlýhug og virðingu og þökkum trausta og góða samfylgd. Við sendum fjölskyldu hans okkar dýpstu samúðarkveðjur.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Nesþinga,
Smári Jónas Lúðvíksson

Lionsklúbburinn Ösp á Akureyri



Okkur í Lionsklúbbnum Ösp á Akureyri fannst tími til komin að færa ykkur fréttir af klúbbstarfinu. Á ýmsu hefur gengið líkt og hjá mörgum klúbbum covid tímans. Asparkonur nýttu sér tæknina eins og best þær gátu í samkomubanni, klæddu sig upp á og sögðu skemmtisögur. Við héldum jólafund, tvær til þrjár saman, hér og þar um bæinn. Snæddum hátíðarmat við kertaljós og opnuðum leynivinajólajafir. Ákaflega vel lukkuð samkoma, á skjánum. Þar kom að slakað var á höftum. Þá héldu okkur engin bönd. Porrablót í lopapeysum í sal, löglegur meter á milli gesta. Jafnvel farið í „hringdans“ okkar Asparkvenna, meter á milli, og sungið; Hin gömlu kynni gleymast ei.

Því er þó ekki að neita, líkt og hjá fleiri klúbbum á þessum tíma, þá fækkaði konum í

klúbbnum nokkuð. Þrátt fyrir það horfum við bjartsýnar fram á veginn og vonumst eftir fjölgun á ný, því alltaf er glatt á hjalla hjá Asparkonum.

Bjartsýnar erum við því í vetur höfum við, líkt og venju samkvæmt, tekið þátt í ýmsum verkefnum bæði stórum og smáum. Í félagi við aðra klúbba og einar og sér. Það kom ekki síst í ljós við undirbúning nýliðins Lionsspings á Akureyri hve gott og gefandi það er þegar Lionsklúbbar taka höndum saman. Það er eitthvað sem svo sannarlega mætti gera meira af, líklega hvar sem er á landinu.

Síðast en ekki síst hafa Asparkonur í vetur, bæði sótt heim og fagnað góðum gestum, í þrígang. Í janúar heimsóttum við systur okkar í Lionsklúbbnum Sunnu á Dalvík. Einstaklega



skemmtilegur fundur á Dalvík. Í marsmánuði komu vinir okkar í Lionsklúbbi Skagafjarðar í heimsókn. Þar voru fagnaðarfundir en klúbbarnir hafa skipst á heimsóknum til fjölda ára en ekki hist í nokkur ár, vegna covid. Loks áttum við á vordögum góða stund með stall-systur okkar í Lionsklúbbnum Sif í Eyja-fjarðarsveit.

Með góðri kveðju frá Lionsklúbbnum Ösp á Akureyri,

Anna Sigríður Halldórsdóttir.

Desember – myndasíða

- Friðgeir H. Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





Lionsklúbbur Eskifjarðar



Lokafundur Lionsklúbbur Eskifjarðar var haldinn 19. maí 2023. Stjórnarskipti fóru fram. Árni Helgason tók við formennsku af Einari Björnssyni, Sævar Arngrímsson tók við ritaranum af Ásbirni Guðjónssyni og Gísli Benediktsson verður áfram gjaldkeri. Varaformaður er Jón Kristinn Arngrímsson.

Starfið í vetur hefur gengið vel 3 nýir félagar bættust við í klúbbinn. Fráfarandi stjórn sá um eldamenskunna. Óskum ykkur öllum gleðilegs sumars.

Ásbjörn Guðjónsson fráfarandi ritari.



Minning + Sæmundur Guðmundsson



Sæmundur Guðmundsson málarameistari fæddist 24. desember 1941 á Ísafirði. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Bergi í Bolungarvík 3. maí 2023. Útförin fór fram frá Ísafjarðarkirkju 20. maí s.l.

Foreldrar Sæmundar voru hjónin Margrét Pétursdóttir, Níelssonar, formanns í Hnífsdal og Guðmundur Elías Sæmundsson, smiður og málarameistari, sonur Sæmundar Katarínussonar í Fremri-Arnardal og

Mariú Þórunnar Pálmadóttur frá Bæjum. Þau eignuðust átta börn og var Sæmundur langyngstur systkina sinna.

Sæmundur var kvæntur Mjöll Ásgeirsdóttur, f. 21. apríl 1942, d. 20. nóvember 2016. Sæmundur og Mjöll eignuðust fjögur börn og hjuggu á Ísafirði alla sína búskapartíð. Sæmundur var hæglatúr og brosmildur og mjög félagslyndur. Hann hafði mikla þjónustulund sem viðskiptavinir hans í Málarabúðinni fengu að njóta í áratugi. Þjónustulundin birtist einnig á öðrum sviðum í samfélaginu á Ísafirði.

Sæmundur gekk í Lionsklúbb Ísafjarðar 9. mars 1971. Sæmundur var mjög virkur lionsfélagi og var fjórum sinnum ritari; 1972-73, 1982-83, 1998-99 og 2002-03 og tvisvar formaður; 1976-77 og 2004-05. Auk þess gegndi hann mörgum öðrum trúnaðarstörfum og hlutverkum í Klúbbnum og tók sæti í fjölmörgum nefndum. Sæmundur hlaut Melvin Jones viðurkenningu 2006. Ótal vinnustundir átti Sæmundur með lionsfélögum við harðfiskverkun og einnig við skötuverkun sem hefur verið helsta fjáröflunarverkefni Klúbbsins hin síðari ár. Sæmundur var tónlistarmaður og spilaði á píanó og blásturshljóðfæri en þó aðallega á harmonikku og var virkur félagi í harmonikkufélagi Vestfjarða. Í áratugi hefur Lions klúbbur Ísafjarðar haldið árlegt samsæti á Hlíf hjá eldri borgurum og þá var Sæmundur sem oftast mættur með harmonikkuna til að spila undir söng og eða fyrir dansi.


Félagar í Lions klúbbi Ísafjarðar þakka Sæmundi fyrir þjónustu hans fyrir Lions klúbbinn og góða samfylgd og vináttu. Immilegar samúðarkveðjur sendum við klúbbfélagar börnum Sæmundar og Mjallar og fjölskyldum þeirra.

E.h. Lionsklúbbs Ísafjarðar
Jón Reynir Sigurvinsson

Lionsklúbbur Hveragerðis

Lionsklúbbur Hveragerðis fór til Berlínar 27. til 30. apríl síðastliðinn til að halda upp á 50 ára afmæli hans. Ferðin heppnaðist í alla staði vel og var mikið gaman. Var haft á orði að fara bara fljótlega aftur. Hér má sjá nokkrar myndir úr þessari skemmtilegu ferð.

Vilmundur Kristjánsson



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.

Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.

Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lionsþing 2023 á Akureyri

Kristófer Tómasson

fjölumdæmisstjóri Lkl. Geysi



Árleg þing umdæma og fjölumdæmis okkar lionsfólks á Íslandi fóru fram að þessu sinni í Brekkuskóla á Akureyri dagana 19. og 20. maí síðastliðinn.

Eins og ævinlega eru þingin á vissan hátt ígildi uppskeru- og árshátíðar. Ávallt fylgir því tilhlökkun hjá undirrituðum að mæta á þingin, njóta þess að hitta góða félagi víðsvegar af landinu.

Þingstjórn og utan umhald þingsins var í höndum klubbanna á Akureyri og innanverðum Eyjafirði. Lkl Akureyrar, Hængs, Ylfu, Aspar, Vitaðsgjafa og Sifjar. Formaður þingnefndarinnar var Árni Viðar Friðriksson PCC. Þing- og Protokollstjóri var settur Hörður Sigurjónsson PCC Lkl Nirði. Hann tók að sér embættið í forföllum Kristins Hannessonar PCC Lkl Víðarri. Aðstaðan á þinginu var á allan máta

til fyrirmyndar og vel að málum staðið af hálfu þingnefndar og þing og prótókollsstjóra. Ég vil geta þess sérstaklega að veitingar á þinginu voru framúrskarandi. Sá matmaður sem þetta ritar lítur á það sem eitt af skilyrðum fyrir vel heppnuðu þingi að matur sé nægur og ljúffengur.

Þátttaka í þinginu var vel viðunandi, en vissulega saknaði maður þess að sjá ekki fulltrúa frá talsvert mörgum klúbbum. Það er mitt mat að andinn á þinginu hafi verið virkilega góður. Nú er heimsfaraldurinn að baki. Lionsfólk finnur að ég held hvað það vantaði mikið í heildarmynd lionsstarfsins að ekki var hægt að halda þing nema í netheimum meðan á þeim ósköpum stóð.

Erlendir gestir, fjölumdæmisstjórar og alþjóðastjórnarmaður frá nágrennalöndunum heiðruðu okkur með komu sinni á þingið. Á fimmtudagskvöldinu var móttaka fyrir erlendu gestina í Ánni fundarsal Lkl Hængs. Þar var notið góðrar stundar og skipst á gjöfum.

Eins venjan er voru skólar embættismanna,

formanna, gjaldkera, ritara og svæðisstjóra haldnir á föstudeginum frá kl. 11-14:00. Þeim kennurum sem þar lögðu hönd á plóginn eru þökkud góð störf. Að skólum loknum fór fram sameiginleg fræðsla og skömmu síðar var haldið til skrudgöngu. Að þingsetningu lokinni var sú nýbreytni tekin upp að halda á þeim tíma þing umdæmanna. Það er að segja síðla föstudagsins. Var því laugardagurinn lagður allur undir fjölumdæmisþingið. Kynningarkvöldið var haldið á föstudagskvöldinu í sal í íþróttahöllinni. Þar var vel veitt í mat og drykk og skapaðist virkilega góð stemning eins og venja er á hinum ómissandi kynningarkvöldum.

Fjölumdæmisþingið hófst á laugardegnum 20. maí kl. 10:00 og lauk því um kl. 15:40. Samhliða fóru makar í ferðalag um Eyjafjörðinn.

Embættismenn fjölumdæmisþingsins voru Jón Bjarni Þorsteinsson PID Lkl Mosfellsbæjar þingstjóri, Björn Guðmundsson PCC Lkl Hæng annar þingstjóri. Þingritari Guðmundur Helgi Gunnarsson PCC Lkl Fjörgyn. Formaður



Gestir þingsins frá nágrennalöndum með fjölumdæmisstjóra



Frá Skrudgöngu.



Guðrún Björt flytur erindi.



Guðrún og Jón Bjarni með Mats Granath og frú.



Björg Bára kynmir nýja varafjölla Geirþrúði ásamt maka.



Frá lokahófi.



Halldór Kristjánsson og Jenný eiginkona hans.

Kjörbréfanefndar var Jónas Ásgrímsson PDG Lkl Dynk. Tæknistjórar voru Sigríður Guðmundsdóttir Lkl Úu og Jón Pálmason PCC Lkl Víðarri.

Stefán Árnason fjölumdamisgjaldkeri kynnti ársreikning fjölumdamisins sem og fjárhagsáætlun og bar upp til samþykktar. Fjárhagur hreyfingarinnar er með allra besta móti.

Björn Guðmundsson greindi frá alþjóða hjálparstöðnum og gat um okkar frammistöðu í þeim efnum.

Sigríð Andradóttir úr Lionsklúbbum Aesu í Njarðvík var kosin fjölumdamisstjóri og Geirprúður Bogadóttir úr sama klúbbi var kjörin vara fjölumdamisstjóri. Meðal skipan annarra embætta skal þess getið að Guðmundur Helgi Gunnarsson var endurkosinn ritari fjölumdamis og Stefán Árnason gjaldkeri. Kosning Halldórs Kristjánssonar PCC úr Lkl Ásbirni var staðfest, en eiginleg kosning fór fram á sérstöku aukapingi 3. maí sl.

Viðurkenningar fjölumdamisstjóra, Certificate of appreciation hlutu eftirtaldir: Guðmundur Helgi Gunnarsson fjölumdamisritari úr Lkl Fjörgyn, Stefán Árnason fjölumdamisgjaldkeri úr Lkl Vitaðsgjafa, Björg Bára

Haldórsdóttir drifkraftur í rafstöðvarverkefninu úr Lkl Rán, Sigríður Guðmundsdóttir netstjóri úr Lkl Úu og Jón Pálmason GMT stjóri úr Lkl Víðarri. Slíkar viðurkenningar á umdamisþing. Leiðtogaorðu hlutu Niels Finsen úr Lionsklúbbi Laugardals og Björg Bára Halldórsdóttir úr Lkl Rán. Hún fékk auk þess sérstaka viðurkenningu frá Lionshreyfingunni í Úkraínu fyrir rafstöðvarverkefnið.

Kristni Hannessyni PCC voru færðar viðurkenningar frá LCIF og Campaign 100 fyrir framúrskarandi árangur og örlæti. Hann notaði sína stóru MJ viðurkenningarneign til að gera Lionsklúbb Mosfellsbæjar að 100 % MJ klúbbi.

LICF viðurkenningar hlutu eftirtaldir: Kristinn Hannesson, Kristín Þorfinnsdóttir sem fallin er frá, Benjamín Jósefsson, Porkell Cýrusson, Þóra Bjarney Guðmundsdóttir og Anna Fr. Blöndal.

Fjölumdamisstjóri greindi frá því að þrír einstaklingar myndi verða veitt Kjaransorða frá fjölumdaminu, en þar sem ekki tókst að hafa þær til afhendingar á þinginu, var ákveðið að tilkynna síðar hverjir orðþegarnir væru.

Guðrún Björt Yngvadóttir hélt áhrifaríkt erindi um ástæður þess að mikilvægt væri að fjölga félögum í hreyfingunni.

Þing lionshreyfingarinnar árið 2024 verður haldið á Álftanesi og kynnti Hörður Sigurjónsson það, þar sem fulltrúar Lionsklúbbs Álftaness voru ekki á þinginu. Meðlimir Lionsklúbbsins Ránar kynntu að þing ársins 2025 verði haldið í Ólafsvík.

Meðal þess sem fram kom í ræðu fjölumdamisstjóra var að fyrir liggur að ganga frá samningi við auglýsingastofu um markaðsátak í þágu lionshreyfingarinnar. En fram hefur komið mikill vilji til að koma slíkri vinnu í framkvæmd. Auk þess greindi fjölumdamisstjóri frá áhuga sínum á að efla enn frekar blóðsykurmælingar og sykursýksivarnir, auk þess að horfa til einsemdar aldraðra.

Að undirbúa og standa að lionsþingi er umsvifamikið verkefni og færi ég þingnefnd, prótókollstjóra og öðrum embættismönnum þingsins bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Embættisfólki sem hlotið hefur kosningu á þinginu eru færðar góðar óskir í sínum störfum.

Þinghelginni lauk með glæsilegu lokahófi í Íþróttahöllinni sem tókst með ágætum.

Kristófer Tómasson fjölumdamisstjóri 2022-2023, félagi í Lkl Geysi.



Aðrar viðurkenningar.



Til vinstri Þingstjórar Björn og Jón Bjarni. Guðrún Björt greinir frá kjöri alþjóðastjórnarmanns Halldórs Kristjánssonar.



Thelma kynnt sem annar vara umdamisstjóri.



Niels Finsen hlaut leiðtogaorðuna.



Anna Blöndal, Guðrún Björt og Björn Guðmundsson.



Prótókollsstjórinn hafði sérstakan símasvein.



Víðir umdamisstjóri veitir 2. vara umdamisstjóra viðurkenningu.



Í móttöku hjá sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar.



Stíllt upp fyrir skruðgöngu.

LCIF viðurkenningar og 100% MJF-klúbbur

Guðrún Björt Yngvadóttir

Fyrirverandi Alþjóðaforseti Lions



Á nýliðnu þingi fjöllumdæmis MD109 voru APCC/PBA Kristni Hannessyni veittar tvær orður frá Alþjóðahjálparsjóði Lions - LCIF og Campaign 100 fyrir frábæran árangur. Kristinn var LCIF-stjóri á Íslandi s.l. 7 ár og var einnig LCIF-stjóri á Norðurlöndunum nokkur undanfarin ár. Hann náði miklum árangri í að hvetja klúbba og umdæmi til virkrar þátttöku í fjárflyunarátakinu og framlög til LCIF frá Íslandi voru nú hærri en nokkru sinni fyrir.



Að GERA og GEFA

„Að leggja lið með Lions er bæði að gera og gefa“ voru skilaboð sem Kristinn tók hátíðlega. Hann var ekki bara örlátur á tíma sinn, hann var endalaust að vinna fyrir Lions og LCIF - „að gera“, en hann vildi líka gefa. Kristinn var mjög örlátur á eigið fé og var meðal þeirra örlátustu í allri Evrópu.



Í heimsókn hjá Kidda

Þar sem Kristinn gat ekki verið með okkur á þinginu, fórum við nokkur í heimsókn til hans eftir þingið.

Hér er verið að næla orðunum tveimur í Kristinn og afhenda þakarskjal frá Douglas Alexander formanni LCIF, sem Kristinn tók við með stolti, en jafnframt með þakklæti og lítillæti.



Höfðingleg framlög til LCIF

Á þinginu var tilkynnt að Kristinn hefði notað „MJF-inneign“ sína, til að gera Lionsklúbb Mosfellsbæjar að 100% Melvin Jones Fellow klúbba. En inneignina átti hann vegna rausnarlegra framlaga til LCIF, meðal annars með því að gerast "Progressive Major Donor". Á myndinni sést Kristinn taka við staðfestingu um að Lkl. Mosfellsbæjar sé 100% MJF-klúbbur. Þorsteinn Bjarnason núverandi formaður klúbbsins og Þorsteinn Ólafsson næsti formaður klúbbsins tóku við MJF-merkjunum, og staðfestingarskjölum fyrir hver nýjan MJF.



Hvað er 100% Melvin Jones Fellow klúbbur?

Það er þegar greitt hefur verið að minnsta kosti 1.000 US dollarar fyrir hvern og einn félagi í klúbbnum.

Klúbburinn fær þá 100% MJF-fána og allir félagar bera merki MJF.

Helsta fjárflyun LCIF er MJF, en um 75% af tekjum sjóðsins kemur þessa leið. Maður borgar 1.000 US\$ til LCIF og getur tilnefnt einn Melvin Jones félagi.



Að styðja LCIF og heiðra með MJF

Klúbbur nota þessa leið oft til að heiðra félagi sína eða velunnara.

Það er fallett, að á sama tíma og verið er að styrkja LCIF og styðja við góð málefni hvar sem er í heiminum, þá notum við tækifærið og þökkum og heiðrum félagi hér heima. Það er um að gera að halda áfram að styrkja LCIF og heiðra félagana. Næst þegar greiddir hafa verið 1.000 US\$ í nafni einhvers, fær hann PMJF-merki (Progressive MJF), aftur og aftur.

Kristinn okkar Hannesson vissi vel hve mikilvægt hvort tveggja var, að styrkja LCIF og að heiðra félagana. Hann vildi heiðra allan sinn gamla klúbb og gera hann að 100% MFJ klúbba.

Lionsklúbbur Mosfellsbæjar

Þann 25. maí hélt svo Lkl. Mosfellsbæjar uppskerufund, þar sem veittir voru styrkir klúbbsins í lok starfsárs.



Kristinn og Dagný mættu á fundinn, ásamt félögum úr Lkl. Víðarri, og undirritaðri sem er í stjórn LCIF.

Formaðurinn Þorsteinn Bjarnason kynnti stefnu klúbbsins í verkefna- og styrkjamálum og veittir voru 3 stórir styrkir að þessu sinni. Sagt var frá stofnun sérstaks styrktarsjóðs til heiðurs Kristni Hannessyni. Ástæðuna þarf vart að nefna en Kiddi hefur verið til margra ára hornsteinn í starfi klúbbsins sem og glæsilegur fulltrúi hans innanlands sem erlendis



300.000 kr. til LCIF

Lkl. Mosfellsbæjar veitti LCIF - Alþjóðahjálparsjóði Lions 300.000 kr. framlag. Ég þakkaði fyrir hönd LCIF fyrir höfðinglegt framlag frá klúbbnum, nú sem endranær. Lionsfélagar á Íslandi og í allri Evrópu eru núna örlátari en oft áður, vegna þess að við skiljum þörfina betur, þegar hún er svona nálægt okkur, bæði stríðið í Úkraínu og jarðskjálftarnir í Tyrklandi og Sýrlandi. Við spyrjum ekki lengur „Hvað fáum við í staðinn, þegar við gefum til LCIF?“ Sælla er að gefa en þiggja. Við styðjum okkar minnsta bróður, hvar sem er í heiminum. Okkar samfélag er ekki bara litla nær-samfélagið, heldur samfélag manna um allan heim.



LCIF styrkir hér heima

Þorsteinn sagði frá mikilvægi LCIF, sem styrkir bæði verkefni hér heima og á alþjóðlegum vettvangi.

Má nefna styrki vegna náttúruhamfara, svo sem jarðskjálftar, eldgos og snjóflóð, en slíka styrki höfum við einnig fengið til Íslands og má nefna, að fyrsti styrkur LCIF til Evrópu kom til Íslands, en það var árið 1973 vegna eldgossins í Vestmannaeyjum. LCIF styrkir öll

aðalverkefni Lions og höfum við fengið marga styrki í gegn um tíðina m.a. til heilbrigðismála. Lkl. Mosfellsbæjar hefur LCIF-fengið styrk sem var notaður til að styðja við starf Björgunarsveitarinnar Kyndilsins, Mosfellsbæ.



Björgunarstörf

Það var einmitt Kyndillinn sem fékk næsta styrk frá klúbbum, að upphæð 300.00 kr. en fulltrúar Kyndilsins tóku við styrknum og sögðu frá starfsemi sveitarinnar og hvernig styrkurinn yrði nýttur til að byggja upp frekara starf með bættum búnaði og aukinni þjálfun, til að takast á við krefjandi björgunarstörf.



Afrekssjóður

Klúbburinn á brátt 60 ára afmæli og eru félagarnir farnir að undirbúa hátíð með stórum verkefnum. Að þessu tilefni var tilkynnt á fundinum að ákveðið hafi verið að koma á fót Afrekssjóði Lkl. Mosfellsbæjar, og að 300.000 kr. hafi verið ráðstafað í sjóðinn. Fyrst verður veitt úr sjóðnum á afmælisárinu 2024-2025. Karl Loftsson verður sérstakur verndari sjóðsins og tók hann við skjalinu.



Lionsfélagar og makar úr Lionsklúbbi Mosfellsbæjar



Ásamt Lionsfélögum úr Lionsklúbbum Viðarri.



Þakkar tækifærin

Kristinn þakkaði Lkl. Mosfellsbæjar fyrir að gefa sér öll þessi tækifæri og að vera uppeldisklúbbur sinn. Hann þakkaði Lkl. Viðarri fyrir að gefa sér tækifæri til að bjóða sig fram sem alþjóðastjórnarmaður. Hann á marga góða féлага báðum klúbbum og hefur notið samverunnar með þeim. Dagný og hann ættu sína bestu vini í Lions.

Kristinn hefur alltaf brunnið fyrir LCIF og stór og brýn verkefni hvar sem er í heiminu. Þess vegna lagði hann sig fram um að Ísland sýndi 100% árangur. Í Campaign 100 fjáröflunarátakinu, var markmiðið að ná 100% þátttöku, klúbba og féлага. Kristinn dreymdi um að Lkl. Mosfellsbæjar yrði 100% MJF-klúbbur einhvern tímann í framtíðinni. Svo ákvað hann fyrir í þessum mánuði, að drífa í því að gera LC Mosfellsbæjar að 100% MJF klúbbi. Það gerði hann með eigin framlögum til LCIF og það var hægt að ganga frá þessu öllu nú fyrir stuttu.



MJF-skjöldurinn

Nafn nýja MJF-félagans er grafið á skjöldinn; einnig er undirskrift bæði alþjóðaforseta og formanns LCIF þessa starfsárs. Núna er verið að grafa nöfnin á skildina og að sauma nafn klúbbsins á fánann, en þetta verður sent til landsins á næstunni. Það fögnum við aftur.



Nýir Melvin Jones Félagar

Mér var það einstakur heiður sem fyrrverandi formaður LCIF að næla MJF-merkinu í félagana og Þorsteinn formaður klúbbsins afhenti þeim skjöl frá LCIF þessu til staðfestingar. Allir nýju MJF-félagarnir fá MJF-skjöld og klúbburinn fær 100% MJF-fána fljótlega og þá verður tilefni til að fagna aftur.

Takk fyrir örlætið

Kiddi og Dagný, ásamt Þorsteini formanni Kog Gerði konu hans, alsæl eftir glæsilegan fund.

Til hamingju Lionsklúbbur Mosfellsbæjar. Kærar þakkar fyrir örlætið Kiddi.

Gutturinn Björt Þorvaldsson



Lionsklúbburinn Týr

Þann 28.03.2023 fagnaði Lkl. Týr 50 ára afmæli. Þetta var söguleg stund, því skömmu áður höfðu félagar samþykkt að leggja starfsemi klúbbsins niður á þessu starfsári. Ástæður þess voru ýmsar, misgöður fjárhagur gamalla ellilífeyriskarla til greiðslu fundakostnaðar og félags- umdæmis- og alþjóðagjalda hafði þar áhrif, en einkum fækkun félaga og linnulaus ásókn Elli kerlingar á líf og heilsu félaga og maka þeirra. Erfitt var orðið að manna fjáröflunar- og vinnuverkefni, svo að þau lögðust hreinlega af. En í tímans rás hafa margir öndvegis menn gengið í klúbbinn og unnið honum vel í mislangan tíma. Við minnumst þeirra með þakklæti. Fjórir félagar hafa verið starfandi samfelmt frá stofndegi, þeir Birgir Úlfsson, Björn Þorvaldsson, Böðvar Valtýsson og Stefán Valur Pálsson, sem er aldursforseti 93 ára, en sprækastur allra! Grétar Franklínsson var einn stofnfélaga en hætti í klúbbnum um hríð og kom inn aftur í fyrra. Ásbjörn Björnsson og William Gunnarsson komu inn á fyrsta starfsári og hafa verið með virkustu mönnum síðan! Nokkrir stofnfélagar störfuðu á fullu til ótímabærra æviloka: Þórarinn Þorkell Jónsson, Ásmundur Jóhannsson og Kristján Kristjánsson. Okkur er mikil eftirsjá og söknuður af þeim félögum. A.m.k. 18 félagar hafa fengið Melvin Jones viðurkenningu fyrir störf sín og Kristján heitinn að auki Kjaransorðuna fyrir starf innan Lionshreyfingarinnar. En Týsmenn hafa ekki látið deigan síga og reynt að halda upp á merkisafmælið með ýmsum hætti, boðið mökum til veisluhalds og samveru, og þeir sem heilsu höfðu heimsóttu Bítlaborgina Liverpool á dögnum í fararstjórn yngsta félagsins, Guðmundar Hafsteinssonar, og þótti takast með ágætum. Skoðunarferð um Borgarfjörð með Sæmundi Sigmundssyni, þeim aldna heiðurs bílstjóra, og gisting á Bifröst rekur svo endahnútin á hátíðahöldin. Það litla sem eftir stóð í líknarsjóði var notað til kaupa á leik- og þjálfunartæki fyrir Reykjadalshéimilið í Mosfellsdal, sem hefur síðustu árin verið vettvangur annarra gjafa og ánægjulegra vinnuverkefna.

Starfið í Lionshreyfingunni hefur verið einstaklega gjöfult og ánægjulegt, og að leiðarlukum þökkum við innilega fyrir þetta tækifæri, sem okkur hlotnaðist fyrir 50 árum, og óskum hreyfingunni alls velfarnaðar um ókomna tíð!

Með kveðjum frá Lionsklúbbnum Tý,

Björn Þorvaldsson.



Hlé frá vinnuverkefni í Reykjadal.



Melvin Jones Puríður Þórmundsdóttir og Guðrún Guðbjartsdóttir.



Melvin Jones Puríður Þórmundsdóttir og Guðrún Guðbjartsdóttir.



Félagar á fundi fyrir 2-3 árum: Jónas Á. Ágústsson, Ásbjörn Björnsson, Örn Herbertsson, Ólafur G. Bjarnason, Jóhannes Karlsson, Gunnar Þór Geirsson, Ásmundur Jóhannsson, Guðmundur Ragnarsson, Björn Þorvaldsson, Grímur Brandsson, Lúðvík Andreasson, Birgir Úlfsson, Lárus Sveinsson, Kristján Kristjánsson, Stefán V. Pálsson, William Gunnarsson. Nokkra vantar.



Liverpoolfarar við Strawberry Field, fararstjórar Deb og Guðmundur hægra megin við miðju.



Frá afmælishátíð á Grand Hótel.



Lionsklúbbur Vestmannaeyja



Síðasi fundur vetrarstarfsins var haldinn föstudaginn 5. maí 2023. Fundurinn var vel sóttur og góðir gestir af fastalandinu komu með Herjólfí í 18:15 ferðinni og fóru aftur með ferðinni kl.22:00. Gestirnir voru þær Inga Lóa Steinarsdóttir annar varaumdæmisstjóri og Sigríður Guðmundsdóttir netstjóri Lions. Þær borðuðu með okkur grillað lambalæri sem nokkrir félagar okkar sáu um að bera á borð og var vel borðað af kræsingunum. Formaðurinn Gunnar Andersen setti fundinn og Sigmar ritari las árskýrslu klúbbsins fyrir líðandi starfsár. Inga Lóa hélt skemmtilega tölu yfir okkur og sama gerði Sigríður og fengu dynjandi lófatak fyrir. Bráðskemmtilegar stúlkur og vonandi koma þær sem oftast til okkar. Fulltrúi frá Björgunarfélagi Vestmannaeyja Bragi Magnússon mætti á fundinn til að taka á móti gjafbréfi frá Lionsklúbbum að upphæð kr. 500 þúsund. Ingimar Georgsson fór yfir smíðaframkvæmdirnar í Stórhöfða og sýndi myndir frá verkefninu frá upphafi til

enda. Mikið mannvirki og vel unnið og klúbbum til mikils sóma. Inga Lóa dreifði brandaraspilum á nokkra borðfélaga og lét þau lesa upp fyrir hópinn og var mikið hlegið.

Inga Lóa veitti fjölda félaga viðurkenning fyrir að vera lionsfélagi allt frá því að vera búinn að vera 10 ár – 15 – 20 – 25 og upp í 45 ár og á næsta ári verður einn félagi okkar Ágúst Pálmar Óskarsson búinn að starfa í Lions í 50 ár og er hann eini af stofnfélögnum sem enn er starfandi og alltaf jafn duglegur í starfi.

Þær vinkonur Inga Lóa og Sigríður urðu því miður að yfirgefa samkvæmið alltof snemma þar sem síðasta ferð Herjólf var kl. 22:00 en fjörunu var haldið áfram eftir að þær kvöddu samkvæmið.

Sigmar Georgsson



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu

Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Vestmannaeyja



Aðdragandi og smíðasaga útsýnispalls í Stórhöfða og þróun hans yfir í fuglaskoðunarhús og nú síðast smíði útsýnispalls þar utan á sköpunarverk okkar lionsmanna í Vestmannaeyjum.

Árið 2005 byggði Lionsklúbbur Vestmannaeyja glæsilegan útsýnispall fyrir Ferðamálasamtök Vestmannaeyja vestan megin í Stórhöfða við bjargbrúnina, sunnan Klaufarinnar og undir hamraveggjunum ólgar Atlantshafið.

Náttúrustofa Suðurland kom síðan að máli við okkur árið 2008 með erindi að byggja myndarlegt fuglaskoðunarhús ofan á útsýnispallinn og frá því að húsið var byggt hefur það haft gríðarlegt aðdráttarfl fyrir ferðamenn og alla náttúruunnendur að það annar engan vegin þessum mikla mannfjölda. Svo mikil ásókn er í húsið að Vestmannaeyjabær

kom aftur til okkar lionsmanna um áramótin og það okkur að bæta aðgengi að húsinu og auka öryggið á bjargbrúninni með því að smíða útsýnispall við húsið.

Lionsmenn mættu s.l. skírdag galvaskir með upp brettar emmar og hófu framkvæmdir á stórum útsýnissvölum utan á fuglaskoðunarhúsið á þrjá vegu. Byrjað var að grafa niður á klöppina fyrir undirstöðum og burðarstöðir steyptar fastar. Notast var nýjustu tæknina við efnisflutningana fram á byggingarstaðinn. Áhaldahús bæjarins lánaði okkur rafmagns-hjólborur sem við notuðum til að keyra steypunni upp að húsinu og einnig var öllu timbri keyrt á á vinnusvæði og sparaði okkur mikla vinnu við timburburð.

Nú eru komnar um 230 vinnustundir í verkið og aðeins eftir að klára



einn lítinn veggstubba og hluta af stallaða tröppu-útsýnispallinum og verður hægt að afhenda verkefnið á tilsettum tíma þ.e. kringum 1. maí 2023

Klúbburinn tók þátt í plökk deginum í Eyjum 30. Apríl og mættu 10 manns frá okkur um morguninn og eftir hádegi var að sjálfsgöðu farið suður í Stórhöfða í smíðavinnuna og loka hnikkurinn settur í verkið.

Við lionsmenn erum ákaflega stoltir af sköpunarverkinu okkar vonum að ekki verði bætt við málsháttinn þ.e. fullkomið í fjórða !

Gleðilegt sumar
Sigmar Georgsson ritari



Minning + Valdimar Brynjólfsson



Valdimar Brynjólfsson var fæddur á Selfossi 16. febrúar 1941. Hann lést á heimili sínu á Akureyri 2. apríl 2023. Eftirlifandi eiginkona hans er Jakobína Þórdís Kjartansdóttir og eiga þau tvær dætur og fjögur barnabörn.

Valdimar ólst upp á Selfossi og stundaði þar hefðbundið skólanám. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugavatni og fór síðan til Noregs til að nema dýralækningar við Dýralæknaháskólann í Osló.

Þaðan útskrifaðist hann vorið 1968.

Konu sinni kynntist Valdimar í Osló og bjuggu þau þar saman eitt ár áður en hann lauk embættisprófi og þau fluttust til Íslands. Eftir heimkomuna buðust Valdimar afleysingar á nokkrum stöðum en í janúar 1969 var hann skipaður héraðsdýralæknir í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Um mitt sumar 1977 veiktist Valdimar mjög alvarlega og var vart hugað líf. Eftir fimm mánaða sjúkrahúslegu kom hann aftur til starfa. Þá var honum fagnað eins og týnda syninum forðum. Bændur voru mjög tillitssamir við hann og haft er eftir einum „að hann léti veika kú drepast frekar en kalla á dýralækninn í vondu veðri.“ Að tveimur árum liðnum veiktist Valdimar aftur. Eftir þau veikindi þoldi hann illa það álag sem fylgdi starfinu, oft langan vinnudag og mikil ferðalög í hvaða veðrum sem var. Því ákvað hann að leita sér annarra starfa og gerðist heilbrigðisfulltrúi á Akureyri árið 1980. Eftir breytt skipulag varð til Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Valdimar framkvæmdastjóri þess. Samhlíða sínu aðalstarfi var hann stundakennari við VMA og kenndi heilbrigðisfræði. Einnig kenndi hann vinnuistfræði við Háskólann á Akureyri (hann hefur sagt að samvisku sinnar vegna hafi hann stytt sumarfrí hvers árs sem nam þeim tíma sem fór í kennsluna).

Á námsárum sínum í Osló tók Valdimar virkan þátt félagslífi stúdenta og Íslendingafélagsins. Hann var einn af stofnendum Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, var í fyrstu stjórn þess og lengi formaður. Þegar hann lét af störfum sem heilbrigðisfulltrúi var hann gerður að heiðursfélaga. Valdimar gekk í Lionsklúbb Stykkishólms og var þar m.a. formaður. Hann varð félagi í Lionsklúbbi Akureyrar 1985. Þar gegndi hann flestum þeim stjórnarstöðum sem stóðu til boða og var endurskoðandi reikninga klúbbsins í nokkur ár. Fyrir störf sín í klúbbnum hefur hann hlotið Melvin Jones viðurkenninguna.

Valdimar var lipurmenni og mannasættir þegar á þurfti að halda. Þeir eiginleikar komu honum að góðu gagni í starfi sem auðveldlega gat vakið upp andstöðu. Hann kunni að fá menn til fylgis við ábendingar sínar um þörf á úrbótum. En hann gat einnig verið fastur fyrir þegar hann taldi nauðsyn bera til. Þessir eiginleikar ásamt þeim heiðarleika sem hann hafði til að bera í starfi sínu færðu honum farsæld og vinsældir. Sama gilti um starf hans í Lions. Og ekki skaðaði hagmælskan.

Sá sem þetta skrifar heimsótti hann nokkuð reglulega í síðustu veikindum hans sem væntanlega hafa átt rætur í þeim fyrri. Hann mætti örlögum sínum af aðdáunarlegu æðruleysi og að lokum ákvað hann að öllum lækningartilraunum skyldi hætt. Hann vildi ekki lifa nema með reisn.

Við félagar hans þökkum honum fyrir samfylgdina og vottum fjölskyldu hans innilega samúð okkar.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Akureyrar.
Bjarni Kristjánsson

Lionsklúbburinn Embla



Emblur og Foldur.



Tvö úr Tungunum, Kristín Björns og Skúli Sæland.



Gerberu akur.

Nú þegar starfsárinu er að ljúka erum við í L.kl.Emblu vel sáttar og nokkuð stoltar. Það hefur margt skemmtilegt verið gert. Við fórum í mjög skemmtilega ferð í heimsókn til L.kl.Fold, þær tóku á móti okkur í lionsheimilinu þar sem við þáðum glæsilegar veitingarog sem tveir eiginmenn báru mjög faglega í okkur. Síðan fóru þær með okkur í fróðlega og skemmtilega menningarferð í Hafnarfjörð. Við komum einnig við í fataverslun og það vita allir hvaða áhrif það hefur þegar margar konur fara saman í „tuskubúð“ það varð rok sala. Síðan borðuðum við saman í Hafnarborg. Takk elsku „foldur“ fyrir dásamlegan dag og skemmtilega brandara.

Tveir nýir félagar gengu í klúbbinn okkar, þær Kristín Ingólfsdóttir og Kristbjörg Óladóttir, öflugar konur sem við bjóðum hjartanlega velkomnar og hlökkum til að vinna með. Fyrir stuttu fórum við í skemmti reisu, loka gleði, um Grímsnesið og upp í Tungur. Í Grímsnesinu var haft stutt stopp í fallegum lundi, þar sem komið var í veg fyrir að Emblur of þornuðu á leið sinni í heimsóknina í garðyrkjustöðina Espiflöt þar sem Skúli Sæland tók á móti okkur og sýndi þessa dásamlegu blóma rækt, þar sem öllu er stýrt með tölvum og endurnýtt. Ferðin endaði svo í pizzu hlaðborði hjá Mika í Reykholti. Stjórnarskiptafundurinn var svo haldinn, þar

sem fráfarandi stjórn fór yfir veturinn og Margrét formaður færði stjórnarkonum sínum sjöl sem hún hafði þrjónað handa þeim, í þakklætisskyni fyrir samstarfið. Síðan voru næld stöðu merki í komandi stjórn sem er skipuð frábærum konum þær eru; Guðný Guðmundsdóttir formaður, Kristín Albertsdóttir ritari, Sigríður Magnúsdóttir gjaldkeri, Guðrún Guðnadóttir stallari og Sigríður Karlsdóttir siðameistari. Að loknum þessum pistli óska ég öllum lionsfélögum og öðrum landsmönnum gleðilegs og sólríks sumars.

Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi



Foldu systur og Hrund og greinarhöfundur.



Kristbjörg Óladóttir .



Þeir sem þjónuðu.



Emblur soala þorsta.



Margrét formaður, Þórána systir og meðmælandi og Kristín Ingólfsdóttir.varaformaður.



Glæsilegt veisluborð.



Margrét formaður afhendir stjórnarkonum sínum sjöl sem hún þrjónaði handa þeim .



Næsta stjórn; Guðný formaður, Guðrún stallari, Kristín ritari.

Fréttir af Lionsklúbbum Engey



T.v. Ingibjörg Einarsdóttir aðstoðardeilarstjóri Rjóðursins og Henný Hraunfjörð deildarstjóri Rjóðursins.



T.v. Sigrún Ósk Ingadóttir, Guðbjörg Rut Jólafundur. Pálmaðóttir.



Fyrsti fundur starfsársins var haldinn á Kringlukránni 12. september. Reglubundnir fundir voru haldnir þar annan mánudag hvers mánaðar, nema jólafundurinn og lokafundurinn. Jólafundurinn var að venju á heimili félaga og lokafundurinn 8. maí í Bragganum. Þar fóru fram stjórnarskipti og einum félagi, Þórunni Sigurðardóttur, veitt Melvin Jones heiðursviðurkenning. Á janúarfundi var öðrum félagi, Sigríði Vigfúsdóttur, einnig veitt slík viðurkenning.

Á nær alla fundi komu góðir gestir með margvíslegan fróðleik og skemmtun. Halldór Kristjánsson GLT stjóri var með námskeiðið: Innleiðing og stjórnun breytinga, Inga Lóa Steinarsdóttir 2. varaumdæmisstjóri flutti líflegt erindi, Vilborg Oddsdóttir félagsfræðingur hjá Hjálparstarfi kirkjunnar sagði frá viðfangsefnum starfsins, rithöfundarnir Benný Sif Ísleifsdóttir og Jónína Leósdóttir kynntu eigin bækur og lásu valda kafla úr þeim, Helga Rut Eysteinsdóttir, lögfræðingur og sérfræðingur í Fjármálaeftirliti Seðlabankans, fjallaði um peningþvætti og Elín Freyja Eggertsdóttir aðstoðarleikskólastjóri kynnti meistaraverkefni sitt í leikskólakennarafræðum: Af einu orði fæðist annað.

Eitt aðalverkefni klúbbsins er þrjónaverkefnið okkar. Upphaf þess má rekja til þess að Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, sem er vinkona eins félaga í klúbbum, var gestur á nóvemberfundi árið 2015. Hún sagði okkur frá byggingu og starfsemi dagheimilis í fátækrahverfi í Kimberley í Suður Afríku. Á dagheimilinu dvelja alla jafna um 170 börn, frá sex mánaða til sex ára aldurs.

Segja má að Gunnhildur hafi verið hvatamaður að byggingu heimilisins. Hún hafði starfað fyrir Rauða krossinn á svæðinu og kynnst erfiðum aðstæðum barnanna þar og fram kom í máli hennar að iðulega væri mikill kuldi á svæðinu. Frásögn Gunnhildar hafði mikil áhrif á okkur og varð kveikjan að þrjónaverkefninu. Settumst við því strax niður við að þrjóna og hekla og gátum fljótlega sent teppi og hlýjan fatnað út til Kimberley. Því héldum við áfram næstu tvö árin.

Eins og undanfarin ár hefur verið þrjónað og heklað bæði í Lionsheimilinu og heima fyrir. Hist er í heimilinu flesta mánudaga þegar ekki eru hefðbundnir fundir. Handverkið er ýmist selt til fjáröflunar í líknarsjóð klúbbsins eða gefið Hjálparstarfi kirkjunnar og Rauða krossinum. Flestar Engeyjarkonur eiga að baki langa viðveru í klúbbum og meðalaldur félaga hefur því hækkað. Hærrí aldur leiðir gjarnan til þess að meiri tími gefst til félagsstarfa og þrjónaverkefnið hefur notið góðs af því. Líklega hefur vinnuframlag félaganna aldrei verið meira en nú. Síðustu vikur hafa félagar þrjónað lopapeysur af miklum móð. Þær verða til sölu og fer afraksturinn í líknarsjóð klúbbsins. Ístex styrkti verkefnið rausnarlega.

Í nóvember stóðu klúbbfélagar fyrir blóðsykursmælingum og basar í verslunarmiðstöðinni Mjódd. Hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir sáu um mælingarnar og átta félagar stóðu vaktina á basarnum. Þar voru teppi og ýmis barnafatnaður á boðstólum.

Langþráð þorrablót, sem ekki hafði verið haldið síðustu tvö ár, fór fram í Lionsheimilinu

4. febrúar. Á blótinu var happdrætti sem er aðalfjáröflun klúbbsins í líknarsjóð. Í sjóðinn fór einnig andvirði tveggja glæsilegra sjala sem boðin voru upp. Tengdadóttir eins félagens vann og gaf klúbbum sjölin. Vegleg peningagjöf sem klúbbum barst var að sama skapi sett í sjóðinn. Skemmst er frá því að segja að þorrablótið var í alla staði hið skemmtilegasta og happdrættið og uppboðið gáfu vel af sér.

Félagar klúbbsins heimsóttu Hjúkrunarheimilið Skógarbæ 19. mars. Heimsóknir þangað hafa verið fastur liður í starfi klúbbsins árum saman. Vegna Covid faraldursins lágu heimsóknir niðri síðustu ár eins og þorrablótið og var því einkar ánægjulegt að fá að koma í heimsókn og bjóða upp á dýrindis veisluborð og harmonikkuspil Braga Fannars Þorsteinsonar.

Líknarsjóður klúbbsins veitti fé í eftirfarandi verkefni á starfsárinu:

Vararafstöð gefin í skóla/leikskóla í Úkraínu. Alþjóðahjálparsjóðurinn var styrktur vegna jarðskjálftanna í Tyrklandi. Rjóðrinu, hvíldarheimili fyrir langveik börn, voru færðar gjafir: barnavagn, barnabílstóll, súrefnismettunartæki og peningagjöf. Mánaðarlegar greiðslur fyrir barn í SOS barnaþorpi.

Fyrirhugað er ferðalag félaga á Snæfellsnesið 14. -15. júní.

Segja má að starfið í klúbbum hafi gengið afar vel á starfsárinu og því horfum við bjartsýnar til framtíðar.

F.h. Dagskrárnefndar Guðrún H. Björnsdóttir



Veisluborð í Skógarbæ.



Heimsókn í Skógarb.



Þrjónavörur úr smíðju Engeyjarkvænna.

Lionsklúbburinn Fold



Nokkrar Foldarkonur að leita að birkifræum í Elliðarárdalnum.



Á Jómfrunni að lokinni aðventugöngu í miðbænum.



Verið að afhenda kaffivél og þvottavél í Konukoti.

Það hefur verið gott starf í Lkl. Fold í vetur fastir fundir eru annar mánudagur í mánuði og höfum við fundað í golfskála GK. Við höfum fengið marga skemmtilega og fróðlega fyrirlestra á fundina þar á meðal konur frá Konukoti sem við höfum verið að styrkja í vetur og einnig passað vel upp á innra félagsstarfið.

Við fórum í Elliðaárdalinn að leita að birkifræum, fundum engin en tókum góðan göngutúr og fengum okkur veitingar. Við vorum í Grafarvogskirkju á tónleikum Fjörgynjar að selja veitingar árlegur viðburður og alltaf jafn skemmtilegur. Við fórum í mjög skemmtilegt „aðventurölt“ um miðbæ Reykjavíkur í byrjun desember skoðuðum jólaljós og skreytingar og enduðum á Jómfrunni í kvöldverð.

Aðal fjáröflunin okkar dömukvöldið var 3. febrúar í gamla Framheimilinu. Þetta kvöld var sérstaklega glæsilegt og skemmtilegt fullur salur af hressum og kátum konum á öllum aldri að skemmta sér saman.

Í apríl komu vinkonur okkar í Lkl. Emblum á Selfossi í heimsókn tókum við á móti þeim í Lionssalnum með góðum veitingum og eyddum við svo öllum laugardeginum saman. Það var farið í mikla „menningarferð“ í Hafnarfjörð skoðuðum allt sem hægt er að sjá þar og enduðum svo í kvöldverð áður en þær heldu heim í sinni rútu, rosalega skemmtilegur dagur sem við áttum saman.

Á loka fundinum okkar voru stjórnarskipti og veittum við Ólafíu Ragnarsdóttur Melvín Jones viðurkenningu sem hún átti fyllilega skilið. Þar var einnig tekin ákvörðun um að fara í ferð til Glasgow í september sem verður til að halda upp á 33ja ára afmæli klúbbsins var búið að skipulægja ferð 2020 en hana þurfti að blasa af.

Margrét Jónsdóttir ritari



Heimsókn Alþjóðaforseta.



Spilað bingo á félagsfundum.



Dúndrandi stuð á dömukvöldi.



Móttaka Emblanna í Lionsheimilinu.



Þegar Emblur og Foldir koma saman þá er sungið.



Lokafundurinn.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Lions plokkar

Félagar í Lionsklúbbi Ólafsvíkur tóku plokk daginn alvarlega þetta árið, síðustu daga aprílmánaðar nýttu þeir til að tína rusl meðfram þjóðvegum Snæfellsbæjar í samvinnu við Vegagerðina. Lionsfélagar byrjuðu við sveitarfélagamörkin í Staðarsveit og týndu allt sjáanlegt rusl meðfram veginum alla leið að Hellnum og einnig niður að Arnarstapa, að norðanverðu hreinsuðu þeir frá sveitarfélagamörkun í Búlundshöfða og alla leið út að Gufuskálum.

Verkefninu lauk á mánudag en samtals voru þetta rúmir 76 km og því nokkur skrefin sem stigin voru, talsvert var safnað af rusli en lionsmenn voru sammála um að það sé þó mun minna núna en þegar þeir tóku þátt í þessu hreinsunarátaki fyrst.

Veðrið lék við mannskapinn meðan á hreinsunarstarfinu stóð eins og sést á meðfylgjandi sjálfu sem einn hópurinn tók við skiltið um Axlar-Björn.



EKG tæki á Jaðar


Dvalarheimilið Jaðar fékk á dögnum afhent tæki til þess að taka hjartalínurit. Heimilið fékk tækið að gjöf frá Lionsklúbbi Ólafsvíkur. Hjartalínurit (e. electrocardiogram eða ECG/EKG) er skráning á því hvernig rafboð berast um hjartavöðvann. Með því má greina margs konar vandamál eins og til dæmis skert blóðflæði til hjarta og gáttatif (e. atrial fibrillation). Á myndinni er Kristján Helgason, meðlimur í Lionsklúbbi Ólafsvíkur, en hann fékk þann heiður að prófa tækið á dögnum. Sambærilegt tæki er til á Heilsugæslu Snæfellsbæjar og þurfti því að alltaf flytja einstaklinga þangað þegar grunur vaknaði um sjúkdóm. Tækið bætir þjónustu við íbúa heimilisins og hefur nú þegar gagnast þeim töluvert. Umsjónarmenn heimilisins vilja koma þökkum á framfæri fyrir þessa frábæru viðbót við tækjasjóðinn.

]]

Lions styrkti sundmót

Þriðjudaginn 28. mars var haldið Lions sundmót fyrir öll þau börn sem æfa sund í Snæfellsbæ. Þátttakendur stóðu sig með þryði og voru allir leystir út með þátttöku pening og páskaeggja að sundmóti loknu. Það voru Lionsklúbbarnir í Ólafsvík sem styrktu þessa flottu sundgarpa sem sjá má á myndinni ásamt sundþjálfaranum Helgu Guðrúnu Sigurðardóttur.

Sj



Gjöfull vetur að baki hjá Lionsklúbbnum Ægi

Nýtt sumar var rúmrar vikugamalt þegar félagar í Lionsklúbbnum Ægi hittast ásamt mökum í lokahófi, nutu góðra veitinga og enn betri félagsskapar. Yfir mörgu var að gleðjast enda hefur starfið gengið vel í vetur eftir tímabil heimsfaraldurs sem blessunarlega virðist að baki. Starfið hófst í haust með ferð um Borgarfjörðinn þar sem félagsmenn fræddust um Snorra Sturluson og lífið í Reykholti, fóru ofan í hellinn Víðgelmi og snæddu góðan kvöldverð á Hótel Glym í Hvalfirði.

Ægismenn fengu fjölda gesta í heimsókn þennan veturinn sem fjölluðu um fjölbreytt málefni, Úkraínustríðið frá ýmsum hliðum, stöðu veraldarinnar í nútíð og fortíð, jólin og störf hæstaréttar. Gestafyrirlesarar voru þau Friðrik Jónsson, Helena Jónsdóttir, Moe Salim, Bryndís Malla Elísdóttir, Stefán Jón Hafstein og Jón Steinar Gunnlaugsson. Ægismönnum bættist góður liðsakai í vetur þegar Magnús Valur Albertsson bættist í hópinn. Litlu jólin á Sólheimum hafa lengi verið fastur liður í starfi Ægis og mögulega bætast heimsóknir til Skógarmanna í Vatnaskógi við, en samvinna við KFUM um stuðning við starfið í skóginum er í bígerð.

Hápunktar fjáröflunarinnar hvert ár eru síldarsala fyrir jólin og kúttmagakvöldið og fátt vita Ægismenn skemmtilegra en að hittast og troða út kúttmaga. Hitt er svo annað mál hvers vel gengur að koma þeim ofan í gesti kúttmagakvöldsins, sem haldið var í Gullhömrum 24. febrúar í samvinnu við Lionsklúbbinn Fjölni.

Nóg annað er í boði fyrir svanga gesti, enda kúttmaginn karlakvöld að hætti hefðarinnar, þar sem virðulegir herra menn skemmta sér vel, borða góðan mat og kaupa málverk á uppboði. Uppboðið tókst vel og rennur mikið fé inn í líknarsjóð Ægis svo halda megi áfram stuðningi við Sólheima í Grímsnesi, líkt og undanfarna áratugi, sem og önnur mikilvæg málefni. Ný og glæsileg sundlaug er rétt að verða tilbúin til notkunar á Sólheimum, sem við vitum að íbúar bíða spenntir eftir að geta tekið í notkun eftir vígsluathöfnina í maí.

Markús Þórhallsson.



Ægismenn í Víðgelmi (Magnús Þórhallsson).



Kúttmagakvöld – Ragga Gísla og Díska (Jón Svavarsson).



Lokahóf Lkl. Ægis (Sveinbjörn Fjölnir Pétursson).



Kúttmagakvöld (Jón Svavarsson)